

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2006



Elfa Hlín Pétursdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2006

Mynd á forsíðu: Unnið að undirbúningi á flutningi baðstofunnar, Bjarni Þór Sigurbjörnsson og Pétur Jónsson.



© Elfa Hlín Pétursdóttir 2006
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2006
Skýrslur Minjasafns Austurlands XVII
ISBN 9979-9576-5-5

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
OPNUNARTÍMI SAFNSINS	4
STARFSMANNAHALD	4
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR	5
SAFNKENNSLA	5
GRUNNSÝNINGIN	6
LIFANDI SUMARSTARFSEMI	10
<i>Þjóðháttadagar</i>	<i>10</i>
<i>17. júní</i>	<i>10</i>
<i>Íslenski safnadagurinn</i>	<i>11</i>
<i>Ormsteiti – safnanótt</i>	<i>11</i>
LIFANDI VETRARSTARFSEMI	11
<i>Jólagleði fjölskyldunnar</i>	<i>11</i>
<i>Sigfúsarvaka</i>	<i>12</i>
ÝMIS STARFSEMI	12
<i>Farskóli Safnamanna</i>	<i>12</i>
<i>Geirsstaðakirkja</i>	<i>13</i>
<i>Ráðstefnur og fundir</i>	<i>14</i>
FORNLEIFARANNSÓKN	18
GESTAFJÖLDI	19
STJÓRNARSTÖRF	19
SAFNAUKI	20
STYRKIR	20
LOKAORÐ	20

INNANGUR

Árið 2006 var nokkuð viðburðaríkt og ánægjulegt í starfi Minjasafns Austurlands. Hæst stendur að ný grunnsýning; „Sveitin og þorpið” var sett upp og opnuð á vordögum. Vinna við hana gekk mjög vel og komu margir að henni.

Töluverð aukning varð á aðsókn að safninu og má rekja það bæði til nýrrar sýningar en líka til fjölmargra viðburða sem safnið stóð fyrir á árinu, oft í samstarfi með hinum söfnunum í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Sýningar Minjasafns Austurlands voru opnar frá kl. 13.00 til kl. 17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa voru opnar á hefðbundnum skrifstofutíma. Um sumarið (1. júní til 31. ágúst) voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar nema á miðvikudögum, þá var opið milli kl. 11.00 og 19.00.

STARFSMANNAHALD

Margir unnu á safninu á árinu í lengri eða skemmri tíma. Rannveig Þórhallsdóttir safnstjóri sneri aftur úr barnseignarleyfi í ársbyrjun og vann ötullega að uppsetningu sýningarinnar. Hún fór aftur í fæðingarorlof í júní og sagði upp störfum á sumarmánuðum. Eru henni þökkud góð störf fyrir safnið og jafnframt óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Elfa Hlín Pétursdóttir var ráðinn sýningarstjóri vegna uppsetningar nýrrar grunnsýningar. Hún tók við starfi safnstjóra í forföllum Rannveigar. Anna Valgerður Hjaltadóttir hætti einnig á vormánuðum sem safnvörður og tók Hrafnkell Lárussons við hennar starfi. Þá starfaði Guðný Harðardóttir frá febrúar til hausts sem safnvörður.

Auk ofanefndra starfsmanna unnu þau Bjarni Þór Sigurbjörnsson, Hjalti Heiðar Þorkelsson og Ríkey Kristjánsdóttir við uppsetningu nýrrar grunnsýningar sem opnuð var í maí byrjun.

Anna Fía Emilsdóttir, fyrrum starfsmaður minjasafnsins, var í námi frá Háskólanum á Hólum og vann yfir sumarmánuðina sérverkefni í tengslum við námið, þar sem hún vann við skráningu og frágang á munum sem höfðu verið á fyrri grunnsýningunni.

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR



Óþarfi er að ítreka enn og aftur að húsnæðismál safnsins eru í ólestri að mörgu leyti enda er um hálfklárað hús að ræða. Aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða er til skammar og fundu starfsmenn safnsins fyrir þessu mjög því að það þurfti að bera flesta muni milli hæða upp brattan stiga.

Hér má sjá Björn G. og Bjarna Þór vinna í sameiningu að flutningu á rekaviðardrumbi.


Leki í geymslum hélt áfram. Þær eru þar að auki orðnar of litlar og bráðabirðgageymslur eru á þremur stöðum á Héraði þar sem munir eru geymdir við óásættanleg skilyrði. Þegar safn tekur við grip skuldbindur það sig jafnframt að varðveita hann við bestu mögulegu aðstæður og er í þessum tilvikum misbrestur þar á.

Umsvif á árinu voru mikil og velta fjármuna því mun meiri en oft áður. Ýmsar aðstæður, margar hverjar óviðráðanlegar, ullu framúrkeyrslu á árinu og var leitað eftir aukaframlagi aðildarsveitarfélaganna á síðasta ársfjórðungi um 2 milljónir króna. Þrátt fyrir það varð niðurstaða úr ársreikningu neikvæð upp á tæpar 2 milljónir.

SAFNKENNSLA

Eins og flest annað þá markaðist umfang safnfræðslunnar af uppsetningu nýrrar sýningar. Því var lítið sem ekkert um heimsóknir skólabarna fyrstu mánuði ársins en síðari hluti maí mánaðar og byrjun júní komu margir hópar alls staðar af á Austurlandi. Voru útbúin verkefni fyrir þá hópa sem þess óskuðu. Hins vegar á enn eftir að semja umfangsmikið og markvisst kennsluefni sem tekur mið af nýrri sýningu. Tæplega 600 skólanemendur heimsóttu safnið árið 2006, langflest á grunnskólastigi en á skólaárinu 2005-2006 voru tæplega 1500 nemendur í grunnskólum á Austurlandi. Um 40% þeirra heimsóttu því Minjasafn Austurlands og má það teljast viðunandi.

GRUNNSÝNINGIN



Kort af sýningunni sem sýnir vel grunnplan hennar.

Ákvörðun um að endurnýja grunnsýninguna var tekin á árinu 2005 en þá höfðu aðildarsveitarfélögin samþykkt fjárveitingu til kaupa á fullkomnum sýningar skápum sem stæðust ítrustu kröfur varðandi forvörslu og öryggi. Það og að Þórisáarkumlið var fjarlægð úr sýningarsalnum gerðu það deginum ljósara að þörf væri á að endurskipuleggja aðalsýningarrými safnsins. Björn G. Björnsson, sýningarhönnuður hjá List og sögu ehf. var ráðinn til starfans. Fljótlega var farið að velta upp hugmyndum um útfærslu sýningarinnar og vinna við handrit hennar hófst upp úr því. Eðlilega var sýningarrýmið takmarkað en möguleikar á því hvað skyldi sýna og hvernig voru nær óþrjótandi. Því var eitt stærsta verkefnið að ákveða hverju skyldi sleppt og var oft úr vöndu að ráða. Einnig var stór spurning um hvort að sýningin skyldi vera þemaskipt eða sett upp í tímaás. Eftir vangaveltur og þó nokkra fundi, formlega sem og óformlega, var ákveðið að hafa sýninguna í raun tvískipta; annar hlutinn skyldi lýsa mannlífi í sveitum á fyrri tíð með það að útgangspunkti að sýna fram á hvernig hver bær var að miklu leyti sjálfstæð/-bær eining þar sem nær allt sem heimilið þarfnadist var unnið og útbúið. Á hverju heimili voru framleidd og unnin matvæli, föt saumuð, landið var ræktað, búpeningur hirtur og þar hlaut hver manneskja einnig sína fyrstu, ef ekki einu, menntun. Badstofan frá Brekku var notuð sem miðjupunktur og burðarás í þeim hluta.

Hinn hlutinn skyldi hins vegar greina frá þeim breytingum sem urðu þegar þéttbýli tók að myndast við brúna yfir Lagarfljót og Egilsstaðir og Hlaðir urðu til beggja vegna Lagarfljóts. Og í framhaldi aukin þjónusta og meiri sérhæfing. Áhersla skyldi lögð á séreinkenni svæðisins, bæði náttúruleg sem og menningarleg.

Í þriðja lagi var komið á samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands um tímabundið lán á munum sem það varðveitir. Forsendur fyrir því voru hinir nýju fullkomnu sýningarskápar. Var undirritaður samningur til þriggja ára sem kveður á um að Þjóðminjasafnið lánar Minjasafni Austurlands tímabundið muni úr safnkosti sínum til sýningar hér eystra.



Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður hjá Þjóðminjasafni Íslands og Rannveig taka upp lánsmuni frá Þjóðminjasafninu og koma þeim fyrir í hinum nýju fullkomnu sýningarskápum.

Þegar gróflega var búið að ákveða hvaða efnisþættir yrðu teknir fyrir þá þurfti að svara spurningunni um *hvernig* best væri að koma þeim til skila. Húsnæðið setti okkur eðlilega skordur, sýningarsalurinn er takmarkað rými sem þarf að nýta sem best. Þá eru í honum gluggar upp við loft allan hringinn sem og þrír stærri gluggar. Dagsljós sem berst inn um glugga er mjög slæmt fyrir viðkvæman safnkostinn og í raun skaðlegt. Það var því ljóst frá upphafi að nauðsynlegt væri að byrgja gluggana. Var brugðið á það ráð að smíða ramma fyrir loftgluggaröðina og strengja á þá hvítt léreft og þannig reynt að fella gluggana sem mest inn í veggina. Fyrir stóru gluggana þrjá voru valdar ljósmyndir, þær stækkaðar og strengdar á ramma sem tyllt er í gluggana. Var þarna um prýðilega en jafnframt ódýra lausn að ræða.



Ríkey og Guðný í „versluninni”.



Handtökin voru óteljandi og ekki síður fjölbreytt.

Var það haft að leiðarljósi í allri þessari vinnu, að vinna af metnaði en jafnframt að leita ætíð eftir hagkvæmum lausnum, enda fjármagn til sýningarinnar langt í frá óþrjótandi. Kostaði sýningin þegar upp var staðið tæpar 11 milljónir króna sem verður að teljast mjög gott miðað við kostnað við sambærilegar sýningar sem settar hafa verið upp á undanförunum misserum. Varð einhverjum á orði að hún liti út fyrir að hafa kostað allavega tvisvar, ef ekki þrisvar sinnum meira. Þetta náðist með útsjónarsemi og mikilli vinnu starfsmanna safnsins. Reynt var að nota efni sem til var og þá frekar lögð vinna í að mála það, pússa og breyta þannig að það gæti nýst á nýja sýningu.

Skýringarspjöld eru nokkuð stór hluti sýningarinnar og eru þau með knöppum skýringartextum og ljósmyndum. Eru þær yfir 80 alls og langstærsti hluti þeirra var skráður og varðveittur á Ljósmyndasafni Austurlands. Tekin var ákvörðun um að hafa texta stutta og lesmál í lágmarki. Það er oft erfiðara að koma miklu frá sér í stuttu máli og vann Hrafnkell Lárusson það verk með sóma. Ómetanlegt var að hafa í sama húsi Héraðsskjalasafn Austfirðinga þegar leita þurfti að heimildum, glugga í bækur eða skoða í fróðleikssarp starfsmanna þess. Eru þeim Hrafnkeli Jónssyni, Arndísi Þorvaldsdóttur og Guðgeiri Ingvarssyni þökkun kærlega þeirra aðstoð sem og þolinmæði. Þá má ekki gleyma þolinmæði og hjálpsemi bókasafnskvenna, þeirra Dúrru og Guðrúnar, en óhætt er að segja að húsið hafi verið á hvoli í nokkra mánuði, hamarshögg og borvélar í gangi, svo ekki sé minnst á málningarlykt og ryk yfir öllu svo vikum skipti.



Safnkosturinn er ríkulegur á Minjasafni Austurlands og það var nærri sama hvað kom upp í hugann að gaman væri að sýna, það var til í geymslunum.

Nálægt 1.100 munir til sýnis sem er í raun aðeins tíundi hluti safnkostsins og því miður margt sem ekki er hægt að sýna. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa reglulega styttri og minni sýningar en það sem stendur því helst fyrir þrifum í dag er skortur á góðu sýningarrými.

Eðli málsins samkvæmt þá var verið að vinna að sýningaruppsetningu fram á síðustu stundu en í samræmi við íslenska siði þá hafðist það fyrir opnun. Ýmis verkefni/vandamál komu upp á sem þörfuðust skjóttar úrlausnar. Rétt rúmri viku fyrir sýningaropnun komu hinir nýju og fullkomnu sýningarskápar í hús eftir flutning frá Þýskalandi. Þeir voru svo flóknir í uppsetningu að fjöldi fólks, þ. á m. þó nokkrir iðnaðarmenn, tókst ekki að finna út úr því hvernig þeir skyldu settir saman (enda litlar og illa prentaðar leiðbeiningar sem fylgdu þeim). Eina lausnin við þessu var að hafa samband við skápaframleiðandann og biðja um að sendur yrði maður til að koma skápunum upp. Hr. Konrad frá Dresden í Þýskalandi kom hingað helgina fyrir opnun sýningarinnar, setti skápana saman og var farinn samdægurs.

Sýningin var opnuð við hátíðlega athöfn sunnudaginn 7. maí. Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar og Elfa Hlín Pétursdóttir, sýningarstjóri, í forföllum Rannveigar Þórhallsdóttur safnstjóra, flutt ávörp. Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra opnaði að því loknu sýninguna.



Samhentur hópur, margar hendur og óteljandi handtök og reddingar eru forsenda þess að uppsetning svona sýningar sé möguleg. Þakkir eru færðar öllum sem að þessu komu, með verklegri hjálp, aðstoð við heimilda- og þekkingaröflun eða styrkjum.

Á myndinni hér til hliðar má sjá bluta starfsmanna, talið frá vinstri; Rannveig, Elfa, Bjarni og Guðný, misþreytuleg.

Að sýningunni unnu:

Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri

Elfa Hlín Pétursdóttir, sýningarstjóri

Hrafnkell Lárusson, sýningartextar

Arndís Þorvaldsdóttir, aðstoðaði við myndaval

Bjarni Þór Sigurbjörnsson, Hjalti Þorkelsson, Guðný Harðardóttir, Anna Gerður Hjaltadóttir, Unnur Sveinsdóttir, Pétur Jónsson og Ríkey Kristjánsdóttir unnu að smíði, málun, uppsetningu og öllum hinum óteljandi handtökunum.

Sýningarskápar voru smíðaðir af Glausbau Hahn, Frankfurt og Sviðsmyndum ehf. Prentun texta og mynda var í höndun Merkingar ehf, Frank og Jói önnuðust prentun stórra mynd og Rafey ehf sá um lýsingu og uppsetningu ljósabúnaðar.

Sérstaka þakkir fyrir veitta aðstoð eru færðar þeim Steinunni Kristjánsdóttur, Sigurði Blöndal, Hjörleifi Guttormssyni, Skógrækt ríkisins, starfsfólki Bókasafns Héraðsbúa,

Álfasteinn, Ljósmyndasafni Eskifjarðar, Jóni Inga Sigurbjörnssyni, Frosta Þorkelssyni, Þorkeli Sigurbjörnssyni og Philip Vogler.

Styrktaraðilar sýningarinnar voru Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Safnaráð, Malarvinnslan, KHB, RARIK og Þjóðhátíðarsjóður.

LIFANDI SUMARSTARFSEMI

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Þjóðháttagar voru vikulega yfir sumarið á miðvikudögum. Dagskrá þeirra var mjög fjölbreytt og spannaði vítt svið. Hrafnkell A. Jónsson hélt erindi um austfirsku héraðsblöðin, rætt var um veiðar á Héraði og skotvopn höfð til sýnis, Charles Ross og Suncana Slamning fjölluðu um og spiluðu íslenska og skoska tónlist, tvisvar voru haldin örnámskeið í útsaumi sem og ýsubeinaútskurði og Guðný Harðardóttir bjó til osta og fjallaði um gerð þeirra. Þá sýndi Þjóðdansahópur frá Hjaltlandi, *Shetland folkdance*, Þjóðdansa. Erindi um þekkt kuml á Austurlandi flutti fornleifafræðineminn Hrafnkell Brimar Hallmundsson sem vann við uppgröft á Skriðuklaustur um sumarið. Eins og gefur að skilja voru atburðir misvel sóttir en almennt var gerður góður rómur að dagskránni.



Hjaltlendingar í dansandi sveiflu!

17. JÚNÍ

Þjóðhátíðardagurinn var líflegur að þessu sinni og má það þakka lömbum og hænum sem að Guðný Harðardóttir kom með úr sveitinni. Haninn vakti gífurlega athygli og mikla lukku. Galið frá honum og jarmið í lömbunum löðuðu yfir 200 manns að. Þegar inn var komið tók á móti gestum harmonikkleikur, í baðstofunni var kempt og þrjónað og svo var „tískusýning“ á flíkum úr safnkosti safnsins.



Lömbin vöktu mikla athygli



Harmonikkann dunar



„Að koma ull í fat“

. ÍSLENSKI SAFNADAGURINN

Íslenski safnadagurinn var þann 9. júlí og við það tækifæri komu félagar úr Leikfélagi Fljótsdalshéraðs og settu sig í hlutverk inn í nýrri grunnsýningu

ORMSTEITI – SAFNANÓTT

Laugardagskvöldið 19. ágúst var Safnanótt haldin í annað skipti. Þemað að þessu sinni var galdrar; hvítir, gráir og svartir og einnig var sagt frá af Dalhúsa Jóni, einum helsta galdramanni Héraðsins. Anna Fía Emilsdóttir og Arndís Þorvaldsdóttir, starfsmaður Héraðsskjalasafnsins, undirbjuggu þessa uppákomu. Halldóra Malín Pétursdóttir leikkona var starfsmönnum Safnahússins til aðstoðar og vakti persóna hennar mikla og almenna kátínu og forvitni. Mæting var mjög góð eins og á flesta aðra viðburði ársins.

LIFANDI VETRARSTARFSEMI

SIGFÚSARVAKA

Í tilefni Daga Myrkurs á Austurlandi var blásið til Sigfúsarvöku í Safnahúsinu þann. 2. nóvember. Flutt var dagskráin „Sagan hefur sinn rétt” sem var tileinkuð þjóðsagnasafnanum austfirski, Sigfúsi Sigfússyni (Drauga – Fúsa) .

Dagskráin var í raun stuttur leikpáttur þar sem sagt var frá ævi og störfum Sigfúsar en einnig nokkrar af sögum hans lesnar. Páll Pálsson var í hlutverki Sigfúsar en aðrir flutningsmenn voru þau Sigurður Ingólfsson, Sveinn Herjólfsson, Guðgeir Ingvarsson, Ágúst Ólafsson og Elfa Hlín Pétursdóttir. Að dagskránni stóðu, ásamt Minjasafninu, Bókasafn Héraðsbúa, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Leikfélag Fljótsdalshéraðs. Um fimmtíu gestir komu og hlýddu á.

JÓLAGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR

Þann 9. desember buðu söfnin í Safnahúsinu til Jólagleði fjölskyldunnar. Söguhellir var opnaður í kjallara, staðsettur undir stiganum þar sem börn á öllum aldri geta skriðið inn og hlustað á borgfirsk ævintýri og álfasögur. Í bókasafninu var lesið uppúr nýútkomnum barnabókum og þar mættu einnig hinir alíslensku jólasveinar og dansað var í kringum jólatréð. Lumubakstur fór fram í kjallarnum. Síðast en ekki síst þá komu þau Íris Öluf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson alla leið úr Svarfaðardalnum og sungu fyrir gesti fallega jólavöku. Þau fluttu gömul íslensk jólalög af andlegum og veraldlegum toga, sálma og hátíðarsöngva í bland við grýlukvæði og jólasveinavísur.

Aðsókn var mjög góð og ánægjulegt þegar allir aldurshópar skemmta sér saman.



Jólalögin sungin



Jólasveinar af ýmsum gerðum



Börnin fylgdust spennnt með

ÝMIS STARFSEMI

FARSKÓLI SAFNAMANNA

Farskóli FÍSOS (Félag íslenskra safna og safnmanna) var haldinn á Egilsstöðum dagana 27. – 30. september 2006. Yfirskrift farskólans var að þessu sinni *Söfn í samfélagi – hlutverk og samstarf*. Í farskólanefnd voru Elfa Hlín Pétursdóttir sem kom í stað Rannveigar Þórhallsdóttur, Pétur Kristjánsson, Pétur Sörensson, Skúli Björn Gunnarsson, Hanna Rósa Sveinsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Fyrirkomulag farskólans var tvískipt að þessu sinni – sex fyrirlesarar og þar á eftir hópavinna.

Grunnfyrirlestrar:

Reidar Bertelsen, Háskólinn í Tromsø og stjórnarformaður Museum Nord: The recent reorganization of Norwegian regional museums. A report from one of the cases, Museum Nord in Ofoten, Lofoten and Vesterålen.

Sara Selwood, Head of Cultural Policy and Management, City University, London: Great expectations: Museums' contribution to regional economic development in England.

Ásbjörn Björgvinsson fulltrúi Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík: Sýningar og söfn í samfélagi – hvar liggja möguleikarnir?

Katla Steinsson, Markaðsstofu Austurlands og Stefanía G. Kristinsdóttir, Þróunarfélagi Austurlands: Menningar Arðurinn - hugleiðingar um hlutverk safna og setra í atvinnu- og samfélagsþróun dreifbýlla svæða

Ragnheiður Þórarinsdóttir, Menntamálaráðuneytinu: Söfn og samtid – skyldur eða skraut.

Hópavinna

Söfnun, varðveisla: Hlutverk söfnunar og varðveislu í safnastarfi, er samstarf milli safna eða við aðra mögulegt eða ómögulegt? Hópstjórar Gerður Róbertsdóttir og Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir.

Miðlun; sýningar og safnfræðsla: Hlutverk miðlunar og safnfræðslu, samstarf um miðlun og safnfræðslu? Hópstjórar Sigrún Kristjánsdóttir og Guðbrandur Benediktsson.

Rannsóknir: Hlutverk rannsókna og samstarf um rannsóknir. Hópstjórar Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Anna Lís Rúnarsdóttir

Fjármögnun, rekstur og markaðssetning: Hlutverk safns í samfélaginu sem rekstrareining, rekstur og markaðssetning, eru rekstrarlegir samstarfsfletir milli safna eða milli safna og annarra aðila. Hópstjórar Rakel Halldórsdóttir og Björn Pétursson.

Uppbygging safna og þátttaka þeirra í samfélagi: Hvert er hlutverk safna? eru söfn virðisaukandi? Hvernig er samstarfi við aðra aðila samfélagsins háttað og hvernig ætti það að vera? Hópstjórar Guðni Halldórsson og Pétur Kristjánsson.

Samstarf sjóminjasafna: Hópstjórar Jón Sigurpálsson og Örlygur Kristinnsson.

Auk hefðbundinnar hópavinnu komu saman á miðvikudeginum faghópar svokallaðir sem notuðu tækifærið á að hittast og bera saman bækur sínar. Þeirra vinna var ekki bundin af yfirskrift farskólans en var vinna þeirra margra hins vegar í miklum tengslum fyrir hina „eiginlegu“ hópavinnu.

- ♦ Söfnun, varðveisla og skráning, umsjónaraðili Hanna Rósa Sveinsdóttir
- ♦ Rannsóknir, umsjónaraðili Anna Lís Rúnarsdóttir og Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

- ♦ Safnfræðsla, umsjónaðili Jóhanna Bergmann
- ♦ Sjóminjar, umsjónaraðili Jón Sigurpálsson og Örlygur Kristfinnson

Fyrirlestrar, hópavinna og fundahöld eru stór þáttur í starfi farskólans en ekki má gera lítið úr mikilvægi þess að safnafólk af öllu landinu skoði einnig hvað er að gerast í safnamálum á hverjum stað fyrir sig. Eins og sjá má af dagskránni þá var víða farið að þessu sinni. Á miðvikudagskvöldi var byrjað í Minjasafni Austurlands og þaðan haldið í Skriðuklaustur og kvöldverður snæddur þar. Á fimmtudeginum voru stærstu söfnin í Fjarðabyggð heimsótt, Stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Sjóminjasafn Eskifjarðar og Safnahúsið í Neskaupsstað. Í Egilsbúð í Neskaupsstað var einnig haldin árshátíð FÍSOS og við það tilefni voru Íslensku safnaverðlaunin 2006 afhent og komu þau í hlut Minjasafns Reykjavíkur. Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra afhenti þau. Að lokum var á föstudeginum haldið á Seyðisfjörð þar sem Tækniminjasafn Austurlands var skoðað og farskólanum var síðan slitið í Menningarmiðstöðinni Skaftfelli.



Hluti farskólanemenda á Stríðsminjasafni Austurlands á Reyðarfirði

Styrki til farskólalahalts veittu auk Safnaráðs og FÍSOS sveitarfélög á Austurlandi; Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður og Menningarráð Austurlands.

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Að venju heimsóttu nokkur hundruð manns Geirsstaðakirkju þrátt fyrir lágmarks markaðssetningu. Unnur Sveinsdóttir, hannaði og smíðaði bekki og borð í víkingastíl sem sett voru fyrir framan gerðið þannig að staðurinn gæti betur nýst sem áningarstaður.



RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Starfsmenn safnsins sóttu nokkrar ráðstefnur, námskeið og fundi á árinu enda sí- og endurmenntun mikilvæg til að faglegt starf sé unnið á jafnfámennum stofnunum og flest söfn í landinu eru.

Skráning safngripa: Mikilvæg undirstaða safnastarfs

Rannveig Þórhallsdóttir, Hrafnkell Freyr Lárusson og Elfa Hlín Pétursdóttir sóttu námskeið í Reykjavík 15. og 16. mars sem var haldið í samvinnu FÍSOS og EHI (Endurmenntun Háskóla Íslands. Þar var fjallað um varðveislu menningarminja og fyrirbyggjandi forvörslu. Meðal annars var farið yfir meðhöndlun og þökkun gripa og fyrirkomulag í safngeymslum og var námskeiðið í formi fyrirlestra, verklegra æfinga og vettvangsferða.

Söfn og staðarímynd

Í ágústlok sótti starfsfólk Minjasafns Austurlands ráðstefnu á vegum Íslandsdeildar ICOM – Alþjóðaráðs safna. Ráðstefnan bar yfirskriftina "Söfn og staðarímynd" og stóð hún alls í fjóra daga. Allstór hluti ráðstefnunnar (einkum sá síðari) var í formi skoðunarferða á söfn. Starfsfólk Minjasafns Austurlands sat fyrri tvo daga ráðstefnunnar. Fundarstaðir þá daga voru Kornhús Árbæjarsafns í Reykjavík og húsnæði Byggðasafns Reykjanesbæjar. Á ráðstefnunni var fjallað um efni sem eru ofarlega á baugi á ýmsum svæðum – sjálfsmynd svæða og hlutverk safna við að skrá og sýna síbreytilegt menningarlegt og félagslegt umhverfi og landslag í fortíð og nútíð. Fyrirlesarar komu víða að, því auk Evrópubúa talaði á ráðstefnunni fólk frá Norður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Milli 50 og 60 manns sóttu ráðstefnuna og var um helmingur ráðstefnugestanna útlendingar, sumir komnir langt að, m.a. frá Nýja Sjálandi og Taiwan. Í heildina tekið var ráðstefnan afar fræðandi, einkum var lærdómsríkt að heyra af þeim mikla aðstöðumun sem söfn búa við í heiminum.

Samráðsfundur um menntunarhlutverk safna

Safnstjóri sótti samráðsfund Safnaráðs þeirra sem starfa að menntunar- og fræðslumálum á íslenskum söfnum dagana 19. og 20. október í Reykjavík. Sérfræðingar og starfsmenn safna sem starfa að fræðslumálum voru boðaðir á fundinn. Þar var unnið í hópum að gerð heildarstefnu um menntunarhlutverk safna.

Ferð Austfirðinga til Vesterålen, Norður-Noregi

Dagana 21. til 24. september heimsóttir 23 manna hópur Austfirðinga frændur okkar í Vesterålen í Norður-Noregi. Hópurinn var samansettur af fólki af öllu Austurlandi og flestir tengdust menningarstarfi og/eða ferðaþjónustu. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um stöðu frænda vorra í ferða- og menningarmálum, að mynda tengsl og hugsanleg samstarfsverkefni skoðuð. Dagskráin var mjög stíf en jafnframt fróðleg. Vesterålen samanstendur af 7 sveitarfélögum og var margt skoðað. Hér fyrir neðan er dagskrá ferðarinnar, að vísu á ensku. Ferðin var afar ánægjuleg og samstarf austfirskra og norskra safna er í burðarliðnum þegar þetta er skrifað.



Trollfjorden er ægifagur fjörður



Hópurinn hlýðir á tölu Sama leiðsögumanns



DAGSKRÁ:

Thursday 21 September (day combining culture - tourism)

Theme: The Vesterålen region and art in public places

11:00 – 11:15 A short orientation on the *Eye on the Sea* by Sigurður Gudmundson, Artscape Nordland at the Sortland Marketplace waterbreaker by Svein Roar Jacobsen, Mayor of Sortland

11:15 Departure for Sigerfjord

11:30 – 14:00 Welcome and briefing, simple meal

- Welcome to Nordland by Geir Knutson, Nordland County Executive Council
- Welcome to Nordland by Jonni H. Solsvik, deputy Chairman, Vesterålen Regional Council
- Short briefing on Vesterålen and its history by Åsa Elstad, Senior Curator, Museum Nord
- Vesterålen Today – business/industry and social fabric by Jonni H Solsvik, Chairman, Vesterålen Cultural Council
- Cultural efforts, cultural cooperation og cultural organizations in Vesterålen by Chief of Cultural Affairs Brynjar Pettersen
- Vesterålen tourism and the structure of tourism in Vesterålen by committee leader Svein Roar Jacobsen, Vesterålen Tourism
- Presentation of the programme by Managing Director Erik Bugge, director for Cultural Cooperation in Vesterålen

	and Director of Tourism Roy Odd Schøyen
14:15	Departure for Lødingen
14:45	Arrival at the Kanstad crossroads The delegation from Lødingen joins us on board. Travel to the Hustad Farm. Guiding enroute and information about Lødingen by Eirik Eriksen.
15:45	Hustad Farm, Lødingen We drive down to the farm and walk to the sculpture <i>Eye in Stone</i> by Anish Kapoor. Simple meal
16:45	Departure to Lødingen town centre.
17:45	Arrival in Lødingen. Visit to the Telecommunications/Marine Pilot Museum
18:45	Dinner at Brygga. Lødingen municipality, briefing by the mayor
20:00	Return to Sortland21:00 Arrival at Sortland

FRIDAY 22 SEPTEMBER

09:30 GUIDED TOUR OF THE BLUE CITY, STARTING FROM THE HOTEL,
BY INGOLF MARKUSSEN (CULTURE – TOURISM THEME)

1. Cultural Programme

10:30	Welcome to Sortland Cultural School Briefing on the operation of municipal cultural schools and regional musical cooperation in Vesterålen by Headmaster Odd Kjæreng, Sortland Cultural School and Headmaster Trond Ståle Mathisen, Øksnes Cultural School Music Track, Sortland Upper Secondary School, by Jonny Kaste Gundersen, department chairman, Sortland Upper Secondary School
12:00	Visit to the facilities of the music track, guide: Jonny Kaste Gundersen
12:30	Visit to the Artists' Residence, by Mona Dahl, Vice Chairperson, Office of Cultural Affairs, Sortland municipality. Art exhibit, Yngve Henriksen
13:00	Lunch, Spisestua, Strand Hotell, hosted by Vesterålen Cultural Committee
13:45	Free Time in the Blue City
16:00 – 18:00	Cultural Cooperation in Vesterålen by Jonni H Solsvik and Erik M. Bugge - Structure, goals and working methods - The projects Art and <i>Cultural Stream Vesterålen</i>, <i>Return to Roots</i> and <i>Gulf Stream International</i> - Exchange of ideas and experiences from regional cultural cooperation in Eastern Iceland and in Vesterålen - Brief introduction by Sigý Ormarsdatter, managing director of Menningaráð Austurlands

2. Tourism programme

10:15	Departure from Sortland
11:00	Arrival in Melbu for the trip to Trollfjord - guided tour of the power station featuring the work of art by Myriam Borst - lunch
15:00	Arthur's Woodworking
17:00	Arrival in Melbu for the return trip to Sortland
18:00	Arrival at Sortland

Joint programme culture - tourism

19:30	Chamber music concert featuring the district musicians, hosted by Sortland Municipality. Mirror Room, "The Dairy"
21:00	Dinner at Kvitbrygga hosted by the Mayor, Sortland Municipality

Saturday 23 September (day combining culture – tourism)

Theme: Tourism Based on Culture and Nature

09:00: Departure for Bø
 10:00 The sculpture *Man from the Sea* by Kjell Erik Killi Olsen
 Bø Museum, incl. the fairytale forest – a museum attraction for children
 11:00 Departure for Nykvåg – Hovden, incl. RÆK III
 13:00 Lunch at Fjordcamp, Kråkberget, hosted by the major, Bø municipality
 13:45 Briefing on the Vesterålen Outdoors Council and Vesterålen Hiking Association by project leader Ragnhild Gundersen
 14:15 Travel by boat to Nyksund; if time Myre
 15:30 Visit Nyksund and information about the old fishing village
 16:30 Summary conclusions Tourism Based on Culture and Nature – what have we learned so far?
 - Prepared statements by representatives for Vesterålen Tourism and Markedsstofa Austurlands
 - Exchange of experiences.
 18:00 Dinner at Ekspedisjonen hosted by the mayor, Øksnes municipality
 19.30 Return to Sortland
 20:30 Arrival at Sortland

Sunday 24 September (day combining culture – tourism)

Themes: Cultural Centre and Museum Exhibits

09:30 Departure for Melbu
 10:30 Visit the Vesterålen Museum's exhibits, hosted by Pål Christensen, Director, Museum Nord
 11:00 Visit to and briefing about Melbu Community Centre – a volunteer endeavour, by Ola Øraker, chairman of the board for Melbu Community Centre
 11.45 Departure for Stokmarknes
 12:00 Visit to Hurtigrutens Hus and the Coastal Express Museum – model: Business - municipality
 by Kari Ann Olsen Lind, Director of Business and Cultural Affairs, Hadsel Municipality
 13:00 Lunch at Skjalgbrygga, hosted by the major, Hadsel municipality
 13:45 Departure for Andøya
 14:45 Galleri Bølgeblikk, afternoon coffee and briefing by Dick Monshouwer
 15:15 We travel the outer side of the island. Briefing on the *National Tourist Road - Andøy*
 16:00 Visit and briefing - HISNAKUL - limited company model
The Island Museum by Raffael Rheinsberg
 Briefing on Whale Safari AS and visit to the whale centre, hosted by Erwind Fulterer, Managing Director for Whalesafari
 17:30 Summary conclusions in the whale centre
 18:30 Dinner at HISNAKUL, pendulum room, hosted by the mayor, Andøy municipality
 20.00 Departure for Sortland
 21.30 Arrival at Sortland

Málþing um austfirsk safnamál

Menningarráð Austurlands og Minjasafn Austurlands unnu saman að undirbúningi að málþingi sem bar yfirskriftina „Söfn í samstarfi – málþing um austfirsk safnamál“. Var það haldið í safnaðarheimilinu á Reyðarfirði þriðjudaginn 21. nóvember 2006 og var fólki sem vinnur að safna- og menningarmálum í fjórðungnum boðið og varð þátttaka með ágætum. Þrír fyrirlesarar tóku til máls þó að það hafi verið með nokkrum óhefðbundnum hætti: Ragnheiður Þórarinsdóttir, sérfræðingur í Menntamálaráðuneytinu forfallaðist en tala hennar, „Söfn og samtíð, skyldur eða skraut“ var engu að síður flutt. Þá ræddu Stefanía G. Kristinsdóttir, verkefnastjóri þróunarsviðs Þróunarfélags Austurlands um „Virðisikeðju safna“. Að lokum flutti Gísli Sverrir Árnason, sérfræðingur í stjórnsýslu og menningarmálum fyrirlestur símleiðis sem kallaðist „Umdæmissöfn á Íslandi. Ný

verkaskipting í safnamálum.” Öll þessi erindi fjölluðu, hvert með sínum hætti, um hin fjölbreyttu verkefni sem söfn þurfa að takast á við.

Fjörugar umræður sköpuðust að þessum fyrirlestrum loknum um efni þeirra og um stöðu og samstarfsmöguleika safna á Austurlandi. Eftirfarandi ályktun sem beint var til Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi var samþykkt samhljóða: „Málþing um austfirsk safnamál haldið á Reyðarfirði 21. nóvember 2006, beinir því til Menningarráðs Austurlands og stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi að stofnaður verði hið fyrsta starfshópur til að móta stefnu um samstarf safna á Austurlandi.”

FORNLEIFARANNSÓKN

e. Steinunni Kristjánsdóttur

Uppgröftur sumarið 2006 hófst á Skriðuklaustri mánudaginn 19. júní og stóð hann til fimmtudagsins 17. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga á tímabilinu. Starfsmenn uppgrafutarins voru fjórtán að meðtöldum verkefnisstjóra sem stýrði uppgræftri, auk sjö sérfræðinga, sem enn vinna sumir að greiningum af ýmsu tagi eða forvörslu gripa.

Árið 2006 var fimmta ár fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri. Rannsóknin hefur notið fjárframlags úr Kristnihátíðarsjóði frá upphafi árið 2002 en um komandi áramót lýkur sjóðurinn störfum og er því fyrirsjáanleg þáttaskil í sögu rannsókna á staðnum. Stjórn Skriðuklaustursrannsókna hefur ákveðið, í samráði við verkefnastjóra, að reynt verði að halda rannsóknunum fáið áframhaldandi fjármagn til þess úr öðrum sjóðum. Fjárframlag Kristnihátíðarsjóðs hefur verið notað sem stofnframlag til rannsókna en með þeim hætti hefur verið mögulegt að afla mótframlaga frá samstarfsstofnunum og úr öðrum sjóðum. Aðrir styrktaraðilar voru árið 2006 Ríkissjóður, Leonardosjóður ESB, Fornleifasjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna. Samstarfsaðilar voru Gunnarsstofnun, Þjóðminjasafn Íslands, Héraðsskógar, Landvirkjun, IVALSA, auk Minjasafns Austurlands.


Afrakstur uppgrafutar á Skriðuklaustri hefur verið mikill frá upphafi rannsóknar árið 2002. Uppgræftri er nú lokið á helmingi rannsóknarsvæðisins alls. Gagnasafn rannsókna geyma á sjöunda þúsund gripa og beina, auk þess sem greiningar hafa skýrt margþætt hlutverk þess í íslensku miðaldasamfélagi. Mikils er um vert að ljúka uppgræfti á klausturbyggingunni allri og halda áfram greiningum á þeim efnivið sem safnað verður úr henni. Vegna einstakra aðstæðna á Skriðuklaustri má reikna með að rannsóknin á rústum klaustursins þar geti gegnt lykilhlutverki við samanburðarrannsóknir á öðrum klaustum hérlandis og erlendis, samhliða því að varpa ljósi á klausturhald á þessum tíma á Íslandi.

Fátt var vitað um byggingar og umsvif Skriðuklausturs áður en rannsóknir hófust þar fyrst með forrannsókn sumarið 2000 og síðan með uppgræftri sumarið 2002. Löngum hefur verið talið að klaustrið hafi verið lítið og að hlutverk þess hafi einskorðast við menntun prestsefna, bænahald, eignaumsýslu og ritun bóka og skjala. Fornleifarannsóknin hefur staðfest þessi hlutverk klaustursins en samhliða því gefið tilefni til endurskoðunar á stærð þess og öðrum hlutverkum en þeim sem þekkt voru fyrir.

Rústir klaustursins hafa verið langtum stærri og meiri að umfangi og veglegri að smíðum en áður var talið og hlutverk þess fjölbættara. Grunnform bygginga Skriðuklausturs er það sama og sjá má í öðrum samtíða klaustum í Evrópu en byggingalag íslenskra klaustra hafði til þessa verið óþekkt. Önnur mikilvæg uppgötvun sem fengist hefur með

rannsókninni snýr að hlutverki Skriðuklausturs sem sjúkrastofnunar. Í öðrum löndum Evrópu voru klaustrin griðastaðir fyrir sjúka, fátæka og aldraða, einkum klaustur af reglu Ágústínusar, og hefur uppgröfturinn sýnt fram á að Skriðuklaustur hafi einnig gegnt þessu hlutverki hér á landi á síðmiðöldum. Sjúkdómar þeir sem greindir hafa verið á mannabeinum sýna enn fremur fram á að sömu sjúkdómar herjuðu á landsmenn og aðra Evrópubúa, enda einangrun Íslands að líkindum langtum minni en áður hefur verið talið. Á Skriðuklaustri hafa fundist merki um bæði lyf- og handlækningar, auk þess sem sjúkir og fatlaðir hafa í áberandi meirihluta hlotið sitt hinnsta leg í kirkjugarði þess. Dýrabeinagreiningar sýna fram á aðeins matarmestu bitar sauðfjár og nautgripa voru borðaðir í klaustrinu, hvort sem það undirstrikar trú á lækningamátt matar eða ríkidæmi klaustursins. Ljóst er einnig á gripum, leifum innréttinga og byggingarinnar í heild að klaustrið var efnahagslega vel stætt, auk þess sem bein sjávarspendýra og fiska vitna til um ítök þess niðri á fjörðum og út í Héraðsflóa. Greina má sömuleiðis tengsl þess við útlönd af innfluttum gripum sem flestir virðast koma frá meginlandi Evrópu, einkum þó Frakklandi.

GESTAFJÖLDI



Um tvöþúsund og sjöhundruð manns heimsóttu safnið árið 2006 og var það umtalsverð aukning frá fyrra ári og í raun besta aðsókn að safninu að undanskildum árunum 1996, 1997 og 1999. Samsetning gesta er með svipuðu sniði eins og sjá má á stöplariti hér fyrir ofan.

STJÓRNARSTÖRF

Sveitastjórnarkosningar voru í maí og skipuðu nýkjörnir fulltrúar aðildarsveitarfélaganna stjórnarmenn að þeim loknum. Fyrir hönd Fljótsdalshéraðs Þórey Hannesdóttir, Þráinn Sigvaldason og Sigríður Sigmundsdóttir (varamenn þeirra eru Ásmundur Þórarinnsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Hulda Daníelsdóttir). Fyrir hönd Fljótsdalshrepps Hákon Aðalssteinsson og til vara Þórdís Sveinsdóttir og fyrir Borgarfjarðarhrepp Kristjana

Björnsdóttir og Björn Aðalsteinsson til vara. Haldnir voru sjö stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar.

SAFNAUKI

Safnkosturinn stækkar á hverju ári og var 2006 þar engin undantekning. Má þar helst nefna að fjöldi muna úr dánarbúi Pálinu Waage voru færðir safninu, má þar bæði nefna hennar persónulegu muni sem og úr verslun hennar á Seyðisfirði; Verslun E. J. Waage sem er með elstu verslunum landsins.

Vegna mikill anna á árinu og að enn var verið að vinna að yfirfærslu munaskrárinnar úr File Maker yfir í Sarp er enn ekki til heildarlisti yfir safnauka ársins 2006 og mun verða skýrt frá því í næstu ársskýrslu.

STYRKIR

Eins og áður hefur verið sagt þá greiddu aðildarsveitarfélög Minjasafnsins að mestu fyrir nýja grunnsýningu. Þó bárust góðir og mætir styrkir safninu frá öðrum aðilum; Rarik styrkti sýninguna um 200.000 kr., Malarvinnslan styrkti okkur með vinnu og fjármagni að upphæð 50.000 kr og Safnasjóður styrkti nýja sýningu um 100.000 kr. Einnig komu 400.000 kr. frá Safnasjóði í styrk til að halda áfram með yfirfærslu munaskrárinnar í Sarp, sem er miðlægur gagnagrunnur um menningarminjar. Frá Þjóðhátíðarsjóði bárust 200.000 kr. til forvörslu og var sú upphæð notuð til að smíða grind undir bát sem notaður hafði verið á Lagarfljóti og í Húsey.

LOKAORÐ

Árið einkenndist af framkvæmdagleði og varð afraksturinn eftir því. Hins vegar er safnastarfsemin í eðli sínu þannig að verkefnin eru óþrjótandi. Ný grunnsýning þótti takast vel en þó er nauðsyn á að bæta úr merkingum, sérstaklega þegar kemur að einstökum safngripum. Þá býður hún upp á fjölbreytta og skemmtilega möguleika á fræðslufni fyrir öll skólastig en sú vinna býður betri tíma.

Skráning og söfnun sat eðlilega á hakanum þetta árið og líka er kominn tími á að endurskipuleggja geymslurnar. Rannsóknarefni eru næg sem og möguleikar á fróðlegu og gefandi samstarfi, innlendu sem erlendu. Húsnæðið sjálft er, eins og oft hefur verið tæpt á áður, ekki lengur viðunandi og þarf að fara að huga að áframhaldandi byggingu Safnahússins eða huga að öðrum möguleikum. Yfirskrift farskólans hér á Egilsstöðum var; „*Söfn í samfélagi – blutverk og samstarf*” og vísaði það bæði til samstarfs milli safna en ekki síður við aðrar stofnanir og/eða hópa samfélagsins. Safn er sett á fót til að varðveita og miðla upplýsingum um menningararf okkar og getur því spilað stórt hlutverk í mótun sjálfsmyndar samfélags síns og annarra. Því væri ákjósanlegt að fara í „útrás” á næstu misserum, en leita ekki langt yfir skammt og hlú frekar að nærumhverfinu.